

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík 21. september 2020
UST202009-105/A.B.
10.04.00

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 - 2027 og nýtt deiliskipulag fyrir Skálabrekku

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 9. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 - 2027 og nýju deiliskipulagi fyrir Skálabrekku.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að 25 ha svæði, sem er í gildandi aðalskipulagi skilgreint sem landbúnaðarland, verði skilgreint sem frístundabyggð.

Forsendur

Í greinargerð kemur fram að tilefni breytinganna er vaxandi eftirspurn eftir frístundalóðum í sveitarfélaginu. Auk þess kemur fram að markmið aðalskipulagsins er að frístundabyggð verði sem mest á samfelldum svæðum þannig að vegir og veitur nýtist sem best.

Það er mat Umhverfisstofnunar að uppbygging haldi áfram á þeim svæðum sem eru þegar skilgreind sem frístundasvæði, en komist verði hjá því að fara inn á svæði sem eru óröskuð, á hverfisverndarsvæðum eða á svæðum sem liggja að svæðum á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun telur æskilegt að teknar verði saman upplýsingar um hversu margar af þegar skilgreindum frístundalóðum innan sveitarfélagsins hafa verið byggðar til að meta þörf fyrir frekari frístundabyggð.

Vistgerðir og fuglalíf

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist og língresis- og vingulsvist sem eru með mjög hátt og hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.

Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að byggingareitir séu afmarkaðir í samræmi við verndargildi vistgerða svæðisins.

Þingvallavatn - vatnamál

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað verði um fráveitumál í tillögunni.


Umhverfisstofnun bendir á að ofangreint svæði er innan verndarsvæðis Þingvallavatns, sbr. fylgiskjal með lögum nr. 85/2005 um verndun Þingvallavatns og vatnasvið þess. Í 3. gr. laganna segir: „Innan verndarsvæðisins er óheimilt að gera nokkuð það sem getur spillt vatni eða mengað það, bæði yfirborðsvatn og grunnvatn.“ Samkvæmt 15. gr. reglugerðar nr. 650/2006, um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns, skal beita ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa hreinsun við hreinsun skólps frá íbúðarhúsum, frístundahúsum og húsnæði tengdum ferðaþjónustu, sbr. reglugerð um fráveitur og skólps nr. 798/1999, með síðari breytingum. Þá skal sækja um leyfi heilbrigðisnefndar Suðurlands fyrir losun skólps og fara eftir leiðbeiningum um frágang fráveitukerfa og fráveitutækni sem beita má á svæðinu, sbr. einnig aðgerðaráætlun heilbrigðisnefndar Suðurlands, sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 650/2006.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fylgst sé vel með fráveitu á ofangreindu svæði.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur